

Reykjavík 6. júní 2002

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8- 10  
150 Reykjavík

## Vegna frumvarps til laga um lýðheilsustöð

Stjórn Félags íslenskra barnalækna hefur skoðað frumvarp til laga um Lýðheilsustöð og vill koma eftirfarandi á framfæri:

1. Við fögnum því að stofna skuli lýðheilsustöð og bindum vonir við að það verði öllu forvarnarstarfi í landinu til framdráttar. Það er verðugt verkefni að samræma það starf sem fyrir er í landinu, efla það og styrkja.
2. Varðandi þau verkefni og störf sem fyrirhugað er að verði flutt til Lýðheilsustöðvar svo sem starf Árvekni, þá er mjög mikilvægt að sú starfsemi hafi áfram ákveðið sjálfstæði bæði faglega og fjárhagslega svipað og er nú í dag.
3. Vegna umræðu um að Lýðheilsustöð geti verið staðsett hvar sem er á landinu þá erum við annarar skoðunar. Það er mjög mikilvægt að Lýðheilsustöð verði nánnum tengslum og samstarfi við alla þá aðila sem nú þegar sinna forvarnarstarfi og starfi sem flokkast undir lýðheilsu. Lýðheilsustöð þarf að vera með "lifandi" starf, ekki bara skrifstofa. Flestar samstarfsstofnanir verðandi Lýðheilsustöðvar eru staðsettar á höfuðborgarsvæðinu. Það væru mikil mistök ef Lýðheilsustöð yrði staðsett utan stór-Reykjavíkursvæðisins. Það yrði ávísun á skrifstofubákn án lifandi tengsla og gerði allt samstarf flóknara.

Við gerum ekki fleiri athugasemdir við frumvarpið en þökkum fyrir að fá að senda inn formlega umsögn.

Með kveðju

fyrir hönd Félags íslenskra barnalækna



Katrín Davíðsdóttir barnalæknir

formaður

[katrin.davidsdottir@hr.is](mailto:katrin.davidsdottir@hr.is)